



SKOÐUN Pversagnirnar sem fylgja því að vera í Sjálfstæðisflokknum. **13**



MENNING Leiksyningin Karitas er áferðarföður en skortir neista. **18**



LÍFID Atli Bollason er staddur í Toronto í Kanada og leikur Atla. **26**



SPORT Evrópumeistaratótið í hópfimleikum heppnaðist fullkomlega. **22**

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you

með Android PHILIPS

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
20. október 2014
246. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt pöntunMaksimumsinnar Gæluun apríl-júní 2014

FRÉTTIR



Ekkert embætti á Akranesi

Í drögum að nýrri reglugerð um staðsetningu umdæma lögreglustjóra og umdæma sýslumanna kemur fram að hvorugt embættið verði staðsett í fjölmennasta kaupstað umdæmisins. **8**

Vill nýtt neysluviðmið Elsa Lára Arnardóttir vill að ráðist verði í útreikning nýrra neysluviðmiða **10**

Leiðréttingin á leiðinni Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir að búið sé að endurreikna um 94 prósent þeirra lána sem biða leiðréttingar **2**

Illa búið til björgunaraðgerða Forstjóri Mannvirkjastofnunar segir að Íslendingar séu ekki í stakk búið til að takast á við stór björgunarverkefni á hafi úti. **2**

Kæra Sorpu og segja lög um útboð brotin

Íslenska gámafélagið og Metanorka segja Sorpu brjóta lög um opinber innkaup í tengslum við samningsgerð vegna 2,7 milljarða gas- og jarðgerðarstöðvar fyrir höfuðborgarsvæðið – og hafa kært gjörninginn. Sorpa telur sig í fullum rétti.

VIÐSKIPTI Íslenska gámafélagið ehf. og dótturfélag þess Metanorka ehf. hafa kært Sorpu bs. til kærufndar útboðsmála vegna samningsgerðar vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar fyrir höfuðborgarsvæðið. Samningsgerð Sorpu er kærð þar sem hún er sögð stangast á við lög um opinber innkaup, og bjóða hefði átt verkið út til að gæta að miklum einka- og almannahagsmunum.

Sorpa ætlar að kaupa tæknilausn danska fyrirtækisins Aikan Solar fyrir stöðina. Rökin eru að hún sé eina lausnin sem uppfylli markmið byggðasamlagsins um meðhöndlun

lífræns heimilissorps, en tæknin gerir sorpflokkun óþarfa. Þessu hafna Gámafélagið og Metanorka með öllu. Þvert á móti séu ýmsir aðrir möguleikar í boði þar sem hægt er að ná sömu markmiðum. Því sé samningsgerðin ólögleg og bjóða hefði átt verkið út.

Áætlað er að stöðin muni kosta 2,7 milljarða króna fulluppsett, en hún mun rísa í Álfnesi við núverandi urðunarstað. Framkvæmdir eiga að hefjast á næsta ári og taka á stöðina í notkun 2016.

Metanorka hefur fyrir í haust kynnt Sorpu uppsetningu stöðvar sem kostar nálægt því helmingi

2,7 milljarðar er áætlaður kostnaður við verkið sem ekki var boðið út.

minna en sú sem Sorpa ætlar sér að kaupa – svo spara mætti hátt á annan milljarð af almannafé.

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir samningsgerðina „innan allra lögmættra heimilda Sorpu“, og að kærán breyti engu um fyrirætlanir byggðasamlagsins.

- shá / sjá síðu 4



HRÆRD Hafrún á sviðinu í The Voice. MYND/SAT.1/PROSIEBEN/CLAUDIUS PFLUG

Hafrún heillaði dómara: Í úrslit í þýska The Voice

TÓNLIST „Áður en ég fór á svið var ég búin að taka þá ákvörðun að einbeita mér sem minnst að dómurinum, en reyna frekar að njóta augnabliksins og gera mitt besta“, segir Hafrún Kolbeinsdóttir. Hún er komin í sjöttu manna úrslit í raunveruleikaþættinum The Voice í Þýskalandi en hún hefur verið búsett þar í landi í rúmt ár. Hún skræði sig í keppnina því hún heilladist af þættinum en bjóst ekki við því að ná svona langt.

„Ég lít líka svo á að sú reynsla og þau sambönd sem ég hef nú þegar komið mér upp í kringum keppnina séu ótrúlega dýrmæt. Því gerir það þessa lífsreynslu algjörlega þess virði.“ - lkg / sjá síðu 26

SHALDOR 12

Bolungarvík	-1°	N 20
Akureyri	0°	N 8
Egilsstaðir	2°	NV 5
Kirkjubæjarkl.	4°	NV 7
Reykjavík	3°	N 9

STÖRHRÍÐ NV-TIL Í dag verður norðan hvassviðri eða stormur, hvassast NV-til. Snjókomu N- og NV-til og V-lands síðdegis. Hiti um og undir frostmarki. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FÓLK

FASTEIGNIR

LANDMARK

100% þjónusta = árangur

Palleg íbúð í Safamýri



SÆLIR SJÁLFBODALIÐAR Rauði kross Íslands stóð fyrir landsæfingu í gær. Magnús Hallgrímsson og Ásrún Á. Olsen sjást hér skrá sig sem sjálfbodaliða í Vífilsstaðaskóla. Alls voru 48 fjöldahjálparstöðvar opnaðar um allt land í gær þar sem sjálfbodaliðar Rauða krossins stóðu vaktina, rétt eins og um alvöru neyðarástand væri að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hægt er að borga til að sleppa við 18 mánaða bið eftir augnaðgerð á LSH

Borga sig fram fyrir biðlistana

HEILBRIGÐISMÁL Um 1.500 manns eru á biðlista eftir aðgerð til þess að fjarlægja ský af augasteini. Um eins og hálfis árs bið er eftir aðgerðum sem borgaðar eru af Sjúkra-tryggingum en vilji fólk borga sjálft fyrir aðgerðina þá er aðeins nokkurra daga eða vikna bið.

Aðgerðin kostar á bilinu 175 þúsund til 400 þúsund borgi fólk sjálft fyrir hana á einkastofu og fer verðið þá eftir því hvort gerð er

aðgerð á öðru auganu eða báðum. „Það er nokkuð algengt að fólk ákveði að greiða fyrir aðgerðina sjálft. Þá er aðgerðin yfirleitt gerð innan nokkurra daga eða vikna,“ segir Óskar Jónsson, augnlæknir hjá Sjónlagi.

Á Landspítala eru gerðar eins margar aðgerðir og deildin ræður við að sögn Einars Stefánssonar, prófessors í augnlækningum og yfirlæknis augnlæknadeildar Land-

400.000

er kostnaðurinn sem margir greiða til að sleppa við bið.

spítala. Þær hafa verið um 1.000 á ári en sú tala hefur farið lakkandi undanfarin ár að sögn Einars vegna þess að dregið hefur úr fjármagni til deildarinnar og starfsfólki hefur fækkað. - vh / sjá síðu 6

Heilbrigðar tennur

FLUX

Flux flúormunnskol

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega

FJALLAGRASAHYLKI

þæta meltinguna, eru vatnslosandi og draga úr þjúg

www.naturaislandica.is

SPURNING DAGSINS



Er gott silfur gulli betra?

Já, klárlega, ef maður er sáttur með frammistöðu skiptir liturinn á medalíunni ekki máli.

Sif Pálsdóttir, fyrirlíði fimleikalandslöðsins

Efla þarf Landhelgisgæsluna til muna svo hún geti sinnt björgunarstarfi betur á hafi í kringum landið: Ekki möguleiki að bjarga fjölda fólks úr háaska

ÖRYGGISMÁL Doktor Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, telur að efla þurfi Landhelgisgæsluna svo Íslendingar geti sinnt björgunaraðgerðum á hafi betur.

Björn hélt opunarfyrirlestur ráðstefnunnar Björgun 2014 og fjallaði meðal annars um björgunaraðgerðir á sjó. Hann hefur verið að nota áhættugreiningaraðferðir til að skoða björgunarviðbúnað Íslendinga á norðurslóðum.

„Við höfum aðallega skoðað tvær sviðsmyndir, annars vegar þar sem

þarf að bjarga takmörkuðum fjölda manna og hætta er á umhverfisslysi og hins vegar hvað það varðar að reyna að bjarga miklu fleiri manneskjum, til dæmis ef skemmtiferðaskip með mörg hundruð eða þúsund innanborðs lendir í háaska,“ segir Björn.

„Við höfum vissa möguleika til að sinna björgunarstarfi, sérstaklega ef við við þurfum að bjarga fáum. Ef við ætlum hins vegar að fara að bjarga mörg hundruð manneskjum eða jafnvel þúsund, til dæmis

skemmtiferðaskipi, eigum við eiginlega varla nokkurn einasta möguleika,“ útskýrir Björn.

Íslendingar eru ábyrgur fyrir mjög stóru svæði í björgunarmálum og segir Björn Landhelgisgæsluna vera með gott skip, góða flugvél og þylur. „Ef við ætlum að bjarga lífum þá er tímabátturinn mjög mikilvægur, við þurfum að vera fljót og það þýðir þylur.“ Hann segir Íslendinga alltaf þurfa að leita til allra nágranna sinna komi til umhverfisslyss. - glp



ÁHÆTTUGREINIR Doktor Björn Karlsson telur að efla þurfi Landhelgisgæsluna svo Íslendingar geti sinnt björgunaraðgerðum á hafi betur. MYND/EINKASAFN



MIKIL MENGUN Keppendur í hinu alþjóðlega Peking-maraboni báru margir grímur til að verjast mikilli mengun í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlega Peking-marabonið fór fram í 34. skiptið:

Grímur til varnar gegn mengun

KÍNA Þúsundir manna tóku þátt í hinu alþjóðlega Peking-maraboni sem fram fór um helgina. Mikill fjöldi keppenda kaus hins vegar að hlaupa með grímur til að verjast mikilli mengun í borginni. Alþjóðlega heilbrigðismálastofnunin sagði mengunina vera langt yfir hámarksgildum í mengunarmælingum. Aðstandendur marabonsins vörðu keppendur við mikilli mengun en neituðu hins vegar að fresta maraboninu þrátt fyrir tilmæli frá heilbrigðisyfirvöldum og íþrótta-sérfræðingum.

Marabonið var haldið í 34. skiptið og má með sanni segja að grímur keppendanna hafi sett svip sinn á þennan fjölsóttu viðburð. - glp

Fjórir létu lífið í Úkraínu:

Sprengjur féllu á íbúðahverfi

ÚKRAÍNA, AP Fjórir létu lífið og nýu særðust þegar sprengjur féllu á íbúðahverfi í borginni Donetsk í austurhluta Úkraínu í gær. Svæðið er á valdi aðskilnaðarsinna sem kenna úkraínska hernum um árásina.

Sprengjurnar féllu á íbúðarblokk í austurhluta borgarinnar ekki langt frá alþjóðaflugvælinum sem er nú á valdi úkraínska hersins. Harðir bardaga geisuðu um flugvöllinn í ágúst og nokkrum sinnum hefur komið til skotbardaga á svæðinu á síðustu vikum þrátt fyrir vopnahléið sem var undirritað í síðasta mánuði. - hks

Katalónar krefjast afsagnar:

Fjöldamótmæli í Barcelonaborg

SPÁNN, AP Tugþúsundir Katalóníubúa komu saman í miðborg Barcelona á Spáni í dag til að krefjast þess að héraðsstjórnin segi af sér og að boðað verði til kosninga. Mikil óánægja ríkir í Katalóníu eftir að yfirvöld ákváðu að fresta boðaðri þjóðar- atkvæðagreiðslu um sjálfstæði héraðsins.

Atkvæðagreiðslan átti að fara fram í byrjun næsta mánaðar en stjórnvöld í Madrid vísuðu málinu til stjórnlagadómstóls en þau telja að atkvæðagreiðslan brjóti í bága við stjórnarskrá landsins. - hks

Byggir söguþráðinn á líkfundarmálinu

Framleiðslufyrirtækið Truenorth hefur fengið vilyrði fyrir 80 milljóna króna styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands. Tökur á myndinni Undir halastjörnu hefjast veturinn 2016. Söguþráðurinn byggir á líkfundarmálinu í Neskaupstað frá árinu 2004.

MENNING Kvikmynd með söguþráð sem byggir að miklu leyti á líkfundarmálinu í Neskaupstað hefur fengið vilyrði fyrir 80 milljóna króna styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands. Myndin heitir Undir halastjörnu og verður tekin upp veturinn 2016.

„Hugmyndin að handritinu kviknaði þegar ég fylgdist með þessu máli á sínum tíma og við eltum söguna upp að vissu marki. Mér finnst ótrúlegt að það sé enginn löngu búinn að gera þetta því þessi saga er auðvitað eins og hún er,“ segir Ari Alexander Ergis Magnússon, leikstjóri og handritshöfundur Undir halastjörnu.

Ari segir myndina fjalla um tvo Litháa sem koma hingað til lands með drauma um gull og græna skóga. Hann líkir sambandi þeirra við biblíusöguna af Kain og Abel.

„Við förum tuttugu ár aftur í tímann og byrjum þar sem þeir eru börn. Þar sjáum við þá takast á við spurningar eins og hvað það er að vera maður og hvernig það er að koma frá Austur-Evrópu með draum um að allt sé fint og gott á Íslandi,“ segir Ari. Hann var staddur í New York að vinna að fjármögnun myndarinnar þegar blaðamaður náði tali af honum.

Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður er einn af framleiðendum myndarinnar en yfirumsjón framleiðslunnar er í höndum Leifs B. Dagfinnssonar og Kristins Þórðarsonar, framleiðenda hjá Truenorth.

„Myndin gerist í febrúar og við stefnum að því að byrja tökum veturinn 2016. Næstu vikur fara í að finna leikara og vinna í restinni af fjármögnuninni en við erum meðal



FANNST FYRIR TILVIJUN Kafari fann lík Vaidas Jucevicius aðeins þremur dögum eftir að honum hafði verið kastað í sjóinn af netagerðarbryggjunni í Neskaupstað.

annars í viðræðum við aðila í Litháen, Þýskalandi og Rússlandi,“ segir Kristinn og heldur áfram:

„Handritið er mjög gott og er tilbúið og það er grunnurinn að þessu öllu. Nú þegar vilyrðið er komið getum við farið af stað fyrir alvöru að leita að fjármagni fyrir restinni.“

Aðalsöguhetja myndarinnar heitir Vaidas í höfuðið á Vaidas Jucevicius. Hann fannst látinn í höfninni í Neskaupstað í febrúarmánuði 2004 vafinn inn í plastpoka og teppi. Krufning leiddi í ljós að hann hafði dáið vegna fíkniefnapakkninga sem hann var með innvortis. Níu dögum eftir að líkið fannst voru þrír menn handteknir. Þeir voru síðar dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir innflutning á amfetamíni, fyrir að koma Vaidasi ekki til aðstoðar og



Hugmyndin að handritinu kviknaði þegar ég fylgdist með þessu máli á

sínum tíma og við eltum söguna upp að vissu marki.

Ari Alexander Ergis kvikmyndagerðarmaður

fyrir illa meðferð á líki hans.

„Þetta er tíu ára gamalt mál og ég byrjaði að skrifa þetta handrit þegar þetta gerðist árið 2004. Það er ótrúlegt að þetta sé loksins að verða að veruleika,“ segir Ari.

haraldur@frettabladid.is

Sigmundur gerir ekki ráð fyrir að sitja sem dómsmálaráðherra út kjörtímabilið: Búið að reikna 94 prósent lána

STJÓRNMÁL „Mér skilst að það sé búið að reikna um 94 prósent af umsóknunum en einhver sex prósent standi út af sem eru þá þessi flóknustu tilvik þar sem fólk hefur verið að flytja og skilja jafnvel og skipt lánunum upp,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um gang skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar í sjónvarpsþættinum Eyjan á Stöð 2 í gær.

„Vonandi munu þessi sex prósent ekki tefja þetta mikið,“ sagði Sigmundur og bætti við að vinna við úrvinnslu umsóknanna hlyti að klárast á næstu vikum.

„Það hefur ekkert óvænt komið upp en það hefur þó komið í ljós að flækjurnar sem eru til eru enn fjölbreytilegri en menn höfðu gert sér í hugarlund.“

Sigmundur benti á að ríkisstjórnin hefði lýst yfir að unnið væri eftir tímasettu plani við afnám gjald-eyrishafna, þegar hann var spurður hvort stutt sé í að stór skref verði tekin í afnámi þeirra.

„Ég hef líka sagt að ég telji að aðstæður séu að skapast til þess að það sé hægt að leysa úr málum en til þess að það sé forsvaranlegt fyrir stjórnvöld að aflétta höftum þá verða menn að vera búnir að sjá til



FORSÆTISRÁÐHERRA Sigmundur Davíð ræddi einnig slakt gengi Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÉIL

lands í málefnum slitabúanna svokölluðu og að þau mál verði gerð upp á þann hátt að þau ögni ekki efna- gæstum stöðugleika landsins.“ Forsætisráðherra sagði einnig að hann geri ekki ráð fyrir að sitja sem dómsmálaráðherra út kjörtímabilið. „Ég hef nú ekki gert ráð fyrir því,“ sagði Sigmundur. - hg

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur

Gildir í október

Apótekarinn+
lyf á lægra verði

Spar-i-skór®

Þægilegir þrifaskór fyrir starfsmenn.
Sinntu þínum daglegu störfum og fyrirtækið
geislar af hreinlæti og sparnaði.

Þetta er ein leið til að lækka kostnað
Betri leið er að vera bara hjá Nova

VIP Fyrirtækjapjónusta Nova, Lágmúla 9, vip@nova.is, 519 1100.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



99 þúsund tonn vó heildar afli íslenskra fiskiskipa

í september á þessu ári.

Það er 14,8 prósent minni afli en í sama mánuði í fyrra.

Skipstjóri stýrði skemmtiferðaskipi til hafnar vegna hræðslu um að einn farþegi væri ebólusmitaður: Ringulreið um borð í skemmtiferðaskipi

BANDARÍKIN, AP Stóru skemmtiferðaskipi var snúið til hafnar í gær í Belís þegar í ljós kom að hjúkrunarkona, sem hafði mögulega meðhöndlað ebólusmitaðan sjúkling í Dallas, var um borð í skipinu.

Konan hafði mögulega meðhöndlað sýni úr Thomas Eric Duncan sem greindist með ebólu á sjúkrahúsi í Dallas en hann lést þar nokkrum dögum síðar.

Vegna ótta um smit hélt konan sig í einangrun í káetu sinni en hún hafði fengið neikvæða niðurstöðu þegar hún fór í próf um hvort hún væri smituð af ebóluveirunni.

Mikil ringulreið varð í skipinu þegar skipstjórinn tilkynnti farþegum að mögulega væri ebólusmitaður einstaklingur um borð og því snúið til hafnar í snatri.

Um fjögur þúsund manns voru um borð í skipinu. Tvær hjúkrunarkonur sem meðhöndluðu Thomas Eric Duncan á spítalanum hafa greinst með ebólu og ýtti það undir ótta konunnar.

Dean Barrow, forsætisráðherra Belís, neitaði að senda þyrlu til að sækja konuna um borð þegar bandarísk yfirvöld sóttust eftir því vegna ótta um ebólusmit.

Konan fékk ekki að stíga fæti á land þegar skipið lagðist að höfn. Skipinu var snúið aftur til Bandaríkjana og kom í höfn í gær í Galveston í Texas en hafði þá verið í viku úti á sjó.

Bandarísk heilbrigðisyfirvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að skipa ekki heilbrigðisstarfsmönnum sem meðhöndlað hafa ebólusjúklinga að halda sig heima við.



HÆTTA Á HAFI ÚTI Skemmtiferðaskipi var snúið til hafnar vegna mögulegs ebólusmits um borð. NORDICPHOTOS/AFP



ÁTÖKIN AUKAST Ástandið um helgina var með því versta sem hefur verið í Kobane í margar vikur. NORDICPHOTOS/AFP

Miklir bardagar í Kobane:

Átökin jukust um helgina

SÝRLAND Átökin í sýrlenska landamærabænum Kobane færðust í aukana um helgina.

Íslamskir öfgamenn, sem kenna sig við Íslamska ríkið, sprengdu yfir fjórutíu sprengjur á yfirráðasvæði Kúrda í bænum, og margar bílasprengjur.

Loftárásir Bandaríkjamanna hafa hjálpað Kúrdum að undanförunu og hægt á sókn íslamskra öfgamanna. Ástandið er með því versta sem verið hefur í bænum að undanförunu en talið er að um 600 manns hafi látið lífið í bardögum um undanfarnar vikur.

Fellibylurinn Ana ógnar:

Hættuástand á Havaíeyjum

HAVAÍ, AP Mikið óvissuástand var á Havaí um helgina þegar fellibylurinn Ana ógnaði eyjaskeggjum með miklum vindi og vætu. Fellibylurinn hefur verið á fleygiferð suðvestur af eyjunum Oahu og Kauai og voru gerðar ýmsar varúðarráðstafanir í kjölfarið. Sett voru upp neyðarskýli og flugi aflýst.

Ekki hefur orðið meiriháttar tjón af völdum fellibylsins en yfirvöld á Havaí eru í viðbragðsstöðu.

Árið 1992 fórust sex manns þegar fellibylurinn Iniki skall á eyjunum og eyðilagði meira en 1.400 heimili á eyjunni Kauai. Fellibyljir eru talsvert tíðri á þessum slóðum.

Kæra samningsgerð 2,7 milljarða stöðvar

Íslenska gámafélagið og Metanorka segja Sorpu brjóta lög um opinber innkaup í tengslum við samningsgerð vegna 2,7 milljarða sorpvinnslustöðvar – og hafa kært gjörninginn. Sorpa telur sig í fullum rétti og starfa samkvæmt gildandi lögum.

VIÐSKIPTI Íslenska gámafélagið ehf. og dótturfélag þess, Metanorka ehf., hafa kært Sorpu bs. til kærunefndar útboðsmála vegna samningsgerðar vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar fyrir höfuðborgarsvæðið. Samningsgerð Sorpu er kærð þar sem hún er sögð stangast á við lög um opinber innkaup, og bjóða hefði átt verkið út til að gæta að miklum einka- og almannahagsmunum.

Sorpa ákvað strax árið 2007 að kaupa tæknilausn danska fyrirtækisins Aikan Solar fyrir stöðina. Rökin eru að hún sé eina lausnin sem uppfylli markmið byggðasamlagsins um meðhöndlun lífræns heimilissorps, en tæknin gerir sorpflokkun óþarfa. Áætlað er að stöðin muni kosta 2,7 milljarða króna fulluppsett.

Metanorka hafnar því með öllu að tæknilausnin sé einstök og útiloki aðrar. Þvert á móti séu ýmsir aðrir möguleikar í boði þar sem hægt er að ná sömu markmiðum. Þess utan hefur Metanorka, ásamt dönskum samstarfsaðilum, lausn sem kostar helmingi minna en sú sem Sorpa ætlar sér að kaupa. Sú lausn gerir ráð fyrir að heimilissorp sé flokkað, eins og gert er ráð fyrir í stefnu sveitarfélaganna. Þessa lausn hafa forsvarsmenn Metanorku kynnt stjórn Sorpu, án sérstakra undirtekta.

Sorpa telur sig í fullum rétti og leitaði til innkaupadeildar Reykjavíkurborgar um ráðgjöf varðandi útboðsmál stöðvarinnar í maí síðastliðnum. Þar segir að ljóst sé að verkefni af þeirri stærðargráðu sem um ræðir falli undir gildis-



Í ÁLFSNESI Árlega eru 100.000 tonn af úrgangi urðuð í Álfsvæði. Með stöðinni á að breyta stórum hluta þess magns í metangas og jarðvegsbæti.

Skýlaus krafa um útboð á tæknilausn

Kröfur Íslenska gámafélagsins og Metanorku eru:

- Að stöðvað verði innkaupaferli milli Sorpu bs. og Aikan um tæknilausn.
■ Að samningur um tæknilausn verkefnisins verði lýstur óvirkur.
■ Að kærunefnd útboðsmála úrskurði að kærða verði gert að auglýsa útboð um tæknilausn á Evrópska efnahagssvæðinu.

svið laga um opinber innkaup, og undir valdsvið kærunefndar útboðsmála.

Þar er sagt að samningsgerð við Aikan hafi verið í samræmi við lög um opinber innkaup, og vísað til lagagreinar um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar. Þar segir að kaup séu heimil „þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess

að um lögverndaðan einkarétt er að ræða“.

Á þessu atriði grundvallast kærán. Kærendur segja að það liggja fyrir að margir geti boðið þessa tæknilausn. Því standist ekki rökstuðningur Sorpu með vísan til lagagreinar um að aðeins eitt fyrirtæki hafi komið til greina af tæknilegum ástæðum eða um einkarétt sé að ræða.

svavar@frettabladid.is

Brasilísk kónguló í London: Baneitruð í bönununum

LONDON Fjölskylda þurfti að flýja heimili sitt í London um helgina þegar fjölskylduáðirinn kom auga á baneitraða kónguló í bananakkippu sem sent hafði verið til fjölskyldunnar.

Kóngulóin sem um ræðir er ein eittraðasta og árásgargjarnasta kónguló heims, brasilíska flökkukóngulóin.

Maðurinn setti bananakkippið í ávaxtaskálina og klemmdi þar eina löpp kóngulóarinnar en hún náði að sleppa. Hann hringdi í matvöruverslunina Waitrose, þaðan sem sendingin kom.

Starfsmaður Waitrose kom á heimilið en þá var kóngulóin horfin. Að lokum kom meindýraeyðir og fangaði kóngulóna en fjölskyldan treysti sér ekki til þess að snúa aftur á heimili sitt.

Samkeppnisleki til saksóknara: Segir rannsókn eðlilegan farveg

SAMKEPPNISMÁL Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnis- eftirlitsins, segir alvarlegt ef í ljós kemur að upplýsingum varðandi meint samráð Eimskips og Samskipa hafi verið lekið til óviðkomandi aðila. Eftirlitið hefur óskað eftir því að Ríkissaksóknari rannsaki málið.

Kastljósið fjallaði um ákærana í vikunni og greindi frá því að Samkeppnis eftirlitið hafi kært ellefu starfsmenn skipafélaganna til Sérstaks saksóknara vegna meints samráðs.

Hvers vegna hafið þið ákveðið að óska eftir því að Ríkissaksóknari rannsaki málið?

„Það er eðlilegur farvegur fyrir svona mál til að ganga úr skugga um hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis,“ segir Páll.

Advertisement for LYFJAVER.IS featuring a piggy bank icon and text: NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS, Lækkaðu lyfjakostnaðinn, SUÐURLANDSBRAUT 22, SÍMI 533 6100, LYFJAVER.IS, APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Weather forecast section titled 'Veðurspá' showing a map of Iceland with weather icons and temperatures for various regions, including a table of international weather forecasts.

HEKLA Einkaleiga

Engin óvissa – fast mánaðargjald

Með HEKLU **Einkaleigu** gefst einstaklingum tækifæri til að aka um á nýjum bíl.

HEKLA **Einkaleiga** býður hagstætt mánaðargjald í 12 eða 24 mánuði. Þú hefur einfalda yfirsýn yfir hvað bifreiðin kostar þig mánaðarlega, kemst hjá ófyrirséðum kostnaði og getur valið leigutíma sem hentar.



Afnot, þjónusta og viðhald fyrir einstaklega hagstætt fast mánaðargjald. Í HEKLU **Einkaleigu** eru engin óvænt útgjöld, fjárbinding eða endursöluáhætta. Við lok leigu er bílnum einfaldlega skilað.



HEKLA **Einkaleiga** býður upp á nýja bíla, þjónustu og viðhald í einum pakka fyrir fast mánaðargjald.



Innifalið í HEKLU **Einkaleigu** er þjónusta og viðhald. Það þýðir að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af óvæntum útgjöldum þegar þú ferð með bifreiðina á verkstæði, t.d. í þjónustuskoðun.

VELDU BÍLINN!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Verðdæmi*

Tegund	Mánaðargjald frá
Volkswagen up!	47.300 kr.
Volkswagen Polo	59.900 kr.
Volkswagen Golf	79.900 kr.
Volkswagen Passat	113.600 kr.
Volkswagen Tiguan	137.200 kr.
Skoda Octavia	95.200 kr.
Skoda Yeti	133.600 kr.
Skoda Superb	129.300 kr.
Audi A1	77.400 kr.
Audi A3	115.200 kr.
Audi A6	230.000 kr.
Audi Q5	246.200 kr.
Mitsubishi Outlander	144.200 kr.

*Verðdæmi miðast við 200.000 kr. eingreiðslu í byrjun leigusamnings.

VEISTU SVARID?



1. Hve mörg tonn af sementi var áætlað að þyrfti við gerð Vaðlaheida-ganganna?
2. Í hvaða þáttum leikur Darri Ingólfsson?
3. Hve mörg prósent nemenda í öðrum bekk luku lesskímunarprófi?

SVÖR:
1. Tvö hundruð tonn 2. Þáttaröðinni Stalker
3. 99 prósent nemenda

Innanríkisráðherra gagnrýnir kröfu um að hún segi af sér vegna lekamálsins: Segir ályktun VG ómaklega

STJÓRN MÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að ályktun flokksráðs Vinstri grænna um að hún eigi að segja af sér sé ómakleg.

„Mér finnst þetta ótrúlega ómaklegt fyrir utan að það sem fram kemur í ályktuninni er ekki satt,“ sagði Hanna í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Þegar hún var svo spurð hvort hún væri nær því núna en áður að segja af sér vegna lekamálsins svaraði hún: „Ég hef fyrir löngu sagt það og það

hefur ekki breyst að ég er mjög hugsi yfir mörgu í stjórnmalunum.“

Hanna Birna sagðist ætla að fara yfir málið þegar rykið væri sest. Hún ítrekaði að hún teldi málið í grunninn vera mjög ljótan pólitískan leik. „Sú skoðun hefur ekki breyst,“ sagði hún.

Flokksráðsfundur Vinstri grænna krafðist þess í ályktun um helgina að Hanna Birna segði af sér embætti, meðal annars fyrir að hafa sagt Alþingi ósatt og vegna afskipta af rannsókn lekamálsins. -ak



ÓSÁTT VIÐ VG Hanna Birna segist vera hugsi yfir mörgu á stjórnmalunum. Hún er ennþá þeirrar skoðunar að lekamálið sé „ljótur leikur“.

Ökumaður neitaði að stöðva: Eftirför endaði með árekstri

LÖGREGLA Lögregla veitti öku-manni eftirför þegar hann stöðvaði ekki bifreið sína eins og lögregla gaf honum merki um aðfaranótt sunnudags, en aksturslag mannsins var undarlegt að mati lögreglu. Eftirförin endaði í Hafnarfirði en lögreglumenn öku þá á bifreið mannsins til að stöðva hann.

Bæði bíll mannsins og lögreglu skemmdust en engin slys urðu á fólki. Ökumaður og farþegi í bílnum gistu fangageymslur. -ak



EVROPUPINGIÐ Jean-Claude Juncker, næsti forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur lýst því yfir að fimm ára hlé verði gert á frekari stækkun ESB.

Stækkunarbann til umræðu:

Finnar bókuðu um Íslendinga

EVROPUMÁL Finnar og Hollendingar vilja að dyr Evrópusambandsins standi Íslendingum áfram opnar, enda þótt nýr forseti framkvæmdastjórnar ESB vilji að fimm ára hlé verði gert á frekari stækkun sambandsins. Á fundi ráðherraráðsins í síðustu viku voru stækkunarmál til umræðu.

Í minnisblaði af fundinum, sem fréttastofa hefur undir höndum, er bókað að Finnar hafi, með stuðningi Hollendinga, mælt fyrir því að dyr Evrópusambandsins stæðu Íslendingum áfram opnar. Er Ísland þannig tekið út fyrir sviga annarra umsóknarríkja og lagt til að fimm ára stækkunarskott eigi ekki við um Ísland. Ekki var hreyft við andmælum við þessari tillögu á fundinum. -þó

Björgunaraðgerðum lokið: Öllum bjargað

NEPAL, AP Björgunarsveitir í Nepal segjast hafa bjargað öllum þeim fjallgöngumönnum sem sátu fastir eftir að mikið óveður gekk yfir landið í síðustu viku. Að minnsta kosti 39 létu lífið í veður- ofsanum en nærri fjögur hundruð var bjargað.

Þetta er versta fjallgönguslys í Nepal í nærri tuttugu ár en árið 1995 létust fjórutíu og tveir í miklum snjóflóðum í Everts-fjalli. Fjölmargra er þó enn saknað og því er ekki útilokað að tala látinna kunnir að hækka. -skp

Komast fyrir í augnaðgerð ef borgað er úr eigin vasa

Langur biðlisti er í aðgerðir á augasteini. Augnlæknar geta sinnt mun fleiri aðgerðum en kvóti Sjúkratrygginga gerir ráð fyrir. Læknar segja að aðgerðin sé sú augnaðgerð sem bæti lífsgæði fólks hvað mest.

HEILBRIGÐISMÁL Um 1.500 manns eru á biðlista eftir aðgerðum til þess að fjarlægja ský af augasteini. Um eins og hálfis árs bið er eftir aðgerðum sem borgaðar eru af Sjúkratryggingum en vilji fólk borga sjálft fyrir aðgerðina þá er aðeins nokkurra vikna bið. Aðgerðin kostar á bilinu 175 þúsund til 400 þúsund borgi fólk sjálft fyrir hana á einkastofu og fer verðið þá eftir því hvort gerð er aðgerð á öðru auganu eða báðum.

„Það er nokkuð algengt að fólk ákveði að greiða fyrir aðgerðina sjálft. Þá er aðgerðin yfirleitt gerð innan nokkurra daga eða vikna,“ segir Óskar Jónsson augnlæknir hjá Sjónlagi. Aðgerðir sem kostaðar eru af Sjúkratryggingum Íslands til þess að fjarlægja ský af augasteini eru gerðar á augndeild Landspítalans og tveimur einkastofum. Á Landspítala eru gerðar eins margar aðgerðir og deildin ræður við að sögn Einars Stefánssonar, prófessors í augnlækningum og yfirlæknis augnlæknaeildar Landspítala. Þær hafa verið um 1.000 á ári en sú tala hefur farið lækkandi undanfarin ár að sögn Einars vegna þess að dregið hefur úr fjármagni til deildarinnar auk þess sem starfsfólki hefur fækkað.

Til þess að mæta þessu hafa tvær einkastofur einnig gert þessar aðgerðir en viss kvóti er á aðgerðunum sem stofnunum er skylt að skipta niður jafnt yfir árið. Töluvert meiri þörf er á aðgerðum en kvótinn gerir ráð fyrir og því býðst sjúklingum einnig að borga sjálfum fyrir aðgerðir. Hvor einkastofan um sig fær kvóta upp á 400 aðgerðir á ári.



Það er stórkostlega meingölluð niðurstaða í okkar ríkisrekstri að við skulum neita þessu gamla fólki um þessi ódýru lífsgæði

Einar Stefánsson, yfirlæknir augnlækningaeldar LSH

„Það er þó ekki þannig að þú komist fram fyrir á biðlistanum heldur fara þeir sem sjálfir borga út af biðlistanum og komast þannig að fyrir,“ segir Eiríkur Þorgeirsson, augnlæknir hjá Lasersjón. „Það er mikil þörf á þessum aðgerðum og biðtíminn er orðinn eitt og hálf ár. Það sem er kannski verst við þessa löngu bið er að oft kemur í ljós þegar að aðgerðinni kemur að það er eitthvað allt annað að sem hefði átt að grípa inn í fyrir. Fólk veit að það er með ský á auga og þess vegna eðlilegt að sjón versni út af því.“

Þeir Óskar og Eiríkur eru sammála um að það sé miður að Sjúkratryggingar stækki ekki kvótann fyrir þessar aðgerðir þar sem þetta séu þær augnaðgerðir sem bæti hvað mest lífsgæði eldri fólks, sem er í meirihluta þeirra sem fara í aðgerðirnar. Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum og yfirlæknir augnlæknaeildar Landspítala, tekur undir það.

„Það er stórkostlega meingölluð niðurstaða í okkar ríkisrekstri að við skulum neita þessu gamla fólki



LÖNG BIÐ Biðlistinn eftir að komast í aðgerð á augasteini er langur.

1.500 manns eru á biðlista eftir aðgerðum.

800 aðgerðir eru kvótinn frá Sjúkratryggingum.

um þessi ódýru lífsgæði eins og við söm fé í annað sem er minna brýnt,“ segir Einar.

„Þessar aðgerðir bæta sennilega lífsgæði fólks einna mest af

öllum aðgerðum. Þetta eru einna árangursríkustu aðgerðirnar hvað varðar lengd þeirra, kostnað og svo ávinninginn af þeim,“ segir Óskar. viktorja@frettabladid.is



Verkir?

Verkjastillandi og bólgueyðandi!



Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á amnt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hálið samband við lækni ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefsilímubólgu af völdum asetylsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftpétum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á niðu. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis háli: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhauki 12a, 210 Garðabæ.



143sm kæli með frysti - Stál
TILBOÐ

59.991
FULLT VERÐ 79.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Candy CKDS5142X - Stál



186sm kæli með frysti
TILBOÐ

78.741
FULLT VERÐ 104.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Beko CN232220



150sm kæli með frysti
TILBOÐ

59.991
FULLT VERÐ 79.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Scandomestic SKF230

17% AFSLÁTTUR

VEGNA VÖRUGJALDA

8% AUKA VEGNA VEÐURS



200sm kæli með frysti
TILBOÐ

97.491
FULLT VERÐ 129.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Whirlpool WBE3714TS



166sm kæli með frysti
TILBOÐ

74.991
FULLT VERÐ 99.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Vestfrost CW310M

Tilboðin gilda frá 27. október til 02. nóvember.



102 lítra kælikápur
TILBOÐ

33.741
FULLT VERÐ 44.989

**25%
AFSLÁTTUR**

Severin KS9892

max.is

MAX

RAFTAEKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Skipuleggjandi fyrirfór sér: Stökk fram af tíu hæða húsi

SUÐUR-KÓREA, AP Einn af skipuleggjendum tónleika í Suður-Kóreu þar sem sextán létust og ellefu slösuðust þegar loft-ræstirist hrundi er látinn. Lík mannsins fannst í morgun. Suðurkóreska lögreglan telur að maðurinn hafi fyrirfarið sér.

Maðurinn sem um ræðir sá um öryggismál fyrir hönd eins af styrktaraðilum tónleikanna. Talið er að hann hafi stokkið fram af tíu hæða húsi nærri tónleikastaðnum í kjölfar yfirheyrslna hjá lögreglunni.

- ak

Rétthafar óska eftir svörum: Vilja vita hvort loka eigi Deildu

FJARSKIPTI Drjú samtök höfundaréttarhafa hafa gefið þremur fjarskiptafyrirtækjum frest til miðvikudags til að svara því hvort lokað verði á aðgang viðskiptavina að vefsíðunum Deildu.net og Pirate Bay.

Héraðsdómur úrskurðaði í síðustu viku að setja ætti lögbann á aðgang viðskiptavina Vodafone og Hringdu að síðunum. Bæði fyrirtæki sögðust ekki ætla að loka fyrr en lögbannið sjálft lægi fyrir.

Ef fyrirtækin hyggjast ekki ætla að loka aðgangi munu höfundarrétthafar að öllum líkindum höfða samskonar mál og gegn Vodafone og Hringdu.

- ak

Ekkert embætti á Akranesi

Í drögum að nýrri reglugerð sem innanríkisráðuneytið hefur birt um staðsetningu umdæma lögreglustjóra og umdæma sýslumanna kemur fram að hvorugt embættið verði staðsett í fjölmennasta kaupstað umdæmisins.

INNANRÍKISMÁL Í drögum að nýrri reglugerð um umdæmi lögreglustjóra og umdæmi sýslumanna sem innanríkisráðuneytið hefur birt á heimasíðu sinni, kemur fram að ekki er fyrirhugað að aðalstöð lögreglustjóra eða skrifstofa sýslumanns fyrir Vesturland verði á Akranesi.

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraneskaupstaðar, er gáttaður á drögum ráðuneytisins, enda kaupstaðurinn langfjölmennasti byggðakjarninn á Vesturlandi, með um 6.700 íbúa, um þrisvar sinnum fleiri íbúa en næst stærsti byggðakjarninn. „Það kemur okkur verulega á óvart ef reglugerðar-drögin verða staðfest óbreytt,“ segir Ólafur.

Í drögnum kemur fram að koma eigi sýslumannsembættinu fyrir í Stykkishólmi og að embætti lögreglustjóra verði í Borgarnesi. Samkvæmt Ólafi hefur enginn rökstuðningur komið fram um hvers vegna ráðherra velur að setja embættin á ofangreinda staði.

Í reglugerðinni verður embættum sýslumanna fækkað úr 24 í níu og embættum lögreglustjóra verður fækkað úr fimmtán í níu. Yfirstjórn lögreglu var aðskilin frá yfirstjórn sýslumannsembætta. Akurnesingar missa þar með bæði lögreglustjóra og sýslumann, sem eru einn og sami embættismaðurinn í dag.

„Í grunninn erum við alveg samála sameiningu embætta en við reiknuðum með að að minnsta



HENTUGUR STAÐUR Akranes er fjölmennasti kaupstaðurinn í umdæminu og Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri mælir með að aðalstöð lögreglustjóra verði á Akranesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kosti annað embættið yrði staðsett á Akranesi,“ segir Ólafur.

Bæjarráðið og Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, hafa sent umsögn til innanríkisráðuneytisins þar sem drögin að reglugerðinni eru gagnrýnd með ýmsum rökum. „Við fórum á fund með innanríkisráðherra í sumar og fengum fullvissu um að sá sem skipaður yrði lögreglustjóri í umdæminu hefði mikið um það að segja hvar skrifstofa lögreglustjóra yrði staðsett,“ segir Ólafur.

Úlfar Lúðvíksson, nýskipaður lögreglustjóri umdæmisins, sendi bæjarstjóra Akraness og sveitarstjóra Borgarbyggðar tölvupóst í síðasta mánuði, þar sem hann skýr-

ir og rökstyður það mat sitt að aðalstöðvar lögreglustjóra skuli vera á Akranesi.

Úlfar segir meðal annars í póstinum að eftir að hafa skoðað aðstöðu lögreglu á Snæfellsnesi, Borgarnesi og á Akranesi telji hann að heppilegast sé að aðalstöð lögreglustjóra verði á Akranesi. Hann bætir við að aðstaða lögreglunnar á Akranesi sé til fyrirmyndar, enda þar fjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi. Lögreglustöðin í kaupstaðnum sé sú eina sem er með sólarhringsvakt og embættið þurfi að sýna styrk sinn í fjölmennasta byggðakjarninum.

Bæjarráðið sendi umsögnina í gær og bíður nú niðurstöðu ráðuneytisins.

gunnarleo@frettabladid.is



„Í grunninn erum við alveg samála sameiningu embætta en við reiknuðum með að að minnsta kosti annað embættið yrði staðsett á Akranesi.“

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraneskaupstaðar.

Komdu og reynsluaktu nýjum bíl og við setjum nafnið þitt í pott.

Einu sinni í viku í október drögum við út vinningshafa sem fær gjafabréf til Boston með Icelandair að verðmæti 200.000 kr.



Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


TAKTÍ
BÍL
HJÁ
HEKLU
ÞÚ GÆTIR ENDAÐ Í BOSTON



HEK
BOS

HEKLA - BOSTON





ERTU MED INNRI STYRK? ÞÚ GÆTIR BROTNAD

Einn af hverjum fimm karl mönnum yfir fimmtugt mun hljóta beinbrot vegna beinþynningar.
Regluleg hreyfing, kalk og D-vítamín skila þér sterkari beinum.

**Ekki bíða þar til þú brotnar til að gera eitthvað í málinu.
Taktu áhættupróf á www.beinvernd.is**

Í dag er Alþjóðlegi beinverndardagurinn.



BEINVERND

Tók upp byssu eftir rifrildi: Skaut börnin

BANDARÍKIN, AP 52 ára gamall þriggja barna faðir í bænum Port Orange á Flórída skaut á þrjú börn sín, þar af dóu tvö, áður en hann tók eigið líf á föstudagsmorgun. Maðurinn hafði rifist við konu sína samkvæmt upplýsingum lögreglu. Reuters greinir frá.

Ellefu ára gamall drengur og fjórtán ára stúlka fundust látn á vettvangi ásamt föðurnum. Þriðja barnið, níu ára telpa, liggur þungt haldin á gjörgæsludeild Arnold Palmer-spítalans í Orlando. -ktf

Fór í meiðyrðarmál vegna frásagnar af kynferðislegu ofbeldi í bókinni Valsað milli vídda: Ásökun um misnotkun dæmd dauð

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt ummæli sem birtust í bókinni Valsað milli vídda, sem kom út fyrir síðustu jóla, dauð og ómerk. Bókin er eftir Þórunni Kristínu Emilsdóttur og í henni skrifar hún meðal annars: „Þegar ég var tíu ára gömul varð ég fyrir kynferðislegu ofbeldi“, „Það kom í ljós að ég var ekki sú eina sem hann hafði misnotað, hann hafði misnotað stúlkur í fjölskyldunni allt frá fjögurra ára aldri þeirra“.

Þórunn nafngreindi manninn

ekki í bókinni. Í dómnum kemur hins vegar fram að hún hafði samband við fjölmarga aðila í tengslum við útgáfuna og greindi frá því við hvern hún ætti. Sá stefndi Þórunni og segir ummælin uppspuna frá rötum.

Ragnar Þórður Jónasson, lögmaður Þórunnar Kristínar segir ummæli Þórunnar vernduð af tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þórunn Kristín heldur því fram að ummæli hennar séu sönn. Brotin hafi ekki verið kærð

til lögreglu af tillitsemi við móður hennar. Þá benti Ragnar, lögmaður Þórunnar, jafnframt á að ekki hafi farið mikið fyrir bókinni, hún hafi ekki selst í nema um 300 eintökum og með því að stefna henni fyrir dóm sé í raun verið að vekja miklu meiri athygli á málinu en bókinn gerði.

Héraðsdómur féllst ekki á þetta og dæmdi Þórunni til að greiða manninum 200 þúsund krónur í miskabætur auk vaxta og 450 þúsund í málskostnað. -jbg



Í DÓMSMÁL Þórunn Kristín hélt því fram fyrir Héraðsdómi Reykjaness að ummæli sín væru sönn.

Viðreisn

Er Ísland með besta landbúnaðarkerfi heims?

Viðreisn boðar til fundar um landbúnaðarmál á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut 2, þriðjudaginn 21. október klukkan 17.00.

Frummælendur:



Daði Már Kristófersson, hagfræðingur



Jóna Sólveig Elínardóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur



Jóhann Óli Eiðsson, laganemi



Fundarstjóri: Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um kosningarrétt íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis

Þeir íslenskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi en sest hafa að erlendis, eiga kosningarrétt við alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi í átta ár frá því þeir fluttu lögheimili sitt frá landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Að þessum tíma liðnum fellur kosningarrétturinn niður nema sérstaklega sé sótt um að halda honum.

Því þurfa þeir, sem fluttu af landi brott fyrir 1. desember 2006 og hafa verið búsettir erlendis síðan, að senda umsókn til Þjóðskrár Íslands fyrir **1. desember 2014**, til þess að halda kosningarrétti. Kosningarrétturinn gildir þá til 1. desember 2018.

Kosningarréttur miðast við 18 ára aldur. Reglur þessar gilda **ekki** um kosningar til sveitarstjórna.

Umsókn skal senda Þjóðskrár Íslands og má finna umsóknareyðublöð á vefsíðu stofnunarinnar. Þar má einnig finna frekari upplýsingar um kosningarréttinn.

Sé umsókn fullnægjandi verður umsækjandi tekinn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili á Íslandi við þær alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur sem fram fara á tímabilinu.

Innanríkisráðuneytið, 16. október 2014.

Gæti skapað sátt um hvað það kostar að lifa

Pingmaður Framsóknarflokksins segir umræðuna um útgjöld heimila til matar-kaupa sýna mikilvægi þess að ráðist verði í útreikning nýrra neysluviðmiða. Vill að húsnæðiskostnaður verði tekinn inn í dæmið. Vongóður um að tillagan nái í gegn.

NEYTENDUR „Umræðan síðustu daga sýnir hversu mikilvægt það er að ný neysluviðmið verði reiknuð út því það myndi tryggja að við værum öll að miða við sömu tölurnar og kæmi í veg fyrir eitthvað misræmi í kerfinu,“ segir Elsa Lára Arnardóttir, þingmaður og fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um að ráðist verði í endurskoðun á útreikningi neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Í tillögunni er Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, falið að hefja vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða. Þau eigi að innihalda þá þætti sem núverandi viðmið byggjast á en einnig húsnæðiskostnað heimila.

Elsa segir umræðuna í fjölmiðlum síðustu daga, um útgjöld heimila til matar-kaupa, sýna hversu mikilvægt það sé að ráðist verði í könnun á raunframfærslukostnaði einstaklinga og fjölskyldna í landinu.

„Ég tel mjög brýnt að það myndist sátt um það hvað við þurfum virkilega að eiga til að geta lifað á Íslandi í dag. Sem dæmi hefur komið fram í fjölmiðlum að talsverður munur er á milli útreikninga á matarkostnaði. Það væri til bóta ef við gætum leitað í tölu sem væri sú rétta um þennan kostnaðarlið sem öll heimili þurfa að bera.“

Hugmyndin að tillögunni kom að sögn Elsu til vegna athugasemda forystumanna verkálýðshreyfingarinnar og Hagsmunasamtaka heimilanna.

„Þeim þótti mikilvægt að gerðar yrðu breytingar á útreikningum neysluviðmiðanna, og að húsnæðis-



KEYPT INN Mikil umræða hefur verið um útreikninga á útgjöldum heimila til matar-kaupa í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kostnaðurinn færi inn í þær tölur, því við þurfum jú öll að eiga þak yfir höfuðið,“ segir Elsa og tekur fram að tillagan miði við allan kostnað sem fellur til vegna eigin húsnæðis- eða leiguhúsnæðis.

Elsa og fimm aðrir þingmenn Framsóknarflokksins lögðu tillögunna fram á þingi í síðasta mánuði. Hún er nú í umsagnarferli í velferðarnefnd Alþingis.

„Ég er vongóð um að málið nái í gegn á þingi. Ég sit ekki í nefndinni en veit að það eru einhverjir aðilar búnir að skila inn umsögnum þar sem tekið er undir orð mín, og annarra Framsóknarmanna sem að þessu koma, um að þetta



„Ég tel mjög brýnt að það myndist sátt um það hvað við þurfum að eiga til að geta lifað á Íslandi í dag.“

Elsa Lára Arnardóttir þingkona Framsóknarflokksins

sé mjög brýnt. Því fleiri jákvæðar umsagnir því líklegra er að tillagan komist í gegn,“ segir Elsa.

haraldur@frettabladid.is

Leit að kafbáti í sænska skerjagarðinum hefur engan árangur borið:

Rússar vísa fullyrðingum á bug

SVÍPIÓÐ Sænski sjóherinn hefur aukið viðbúnaðinn til muna í skerjagarðinum þar sem umfangsmikil leit fer nú fram að kafbáti, sem talinn er vera rússneskur. Enn hefur leitinn engan árangur borið. Talið er að kafbáturinn eigi við einhvers konar vélarbilun að stríða en Rússar vísa þessum fullyrðingum á bug.

Á fimmtudag hleruðu sænsk yfirvöld talstöðvar-samtal sem fór fram á neyðarrás rússneska kafbátflotans sem ýtir undir þá kenningu að báturinn sé mögulega skemmdur. Sá sem sendi skilaboðin var staddur einhvers staðar í sænska skerjagarðinum en móttökustöðin var í Kaliningrad, þar sem höfuðstöðvar rússnesku sjóhersdeildarinnar eru. Á föstudagskvöld urðu sænsk yfirvöld aftur vör við talstöðvar-samskipti á neyðarrásinni en þá voru þau dulköðuð.

Sænskir kafbátar, sprengjuleitarskip, herskip og þyrflur leita nú af kappi á svæðinu. Rússneska varnarmálaráðuneytið segir að enginn rússneskur kafbátur sé í vandræðum í sænskri landhelgi.

Rússneskt flutningaskip hefur haldið sig rétt fyrir utan sænsku landhelgina en fram kemur í sænskum fjölmiðlum að skipið hafi á tímum kalda stríðsins verið einhvers konar móðurskip fyrir litla kafbáta.



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Mörg skip leita að rússneskum kafbáti í sænska skerjagarðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Skipið hvarf af ratsjá á laugardagskvöld eftir að slökkt var á sjálfvirkum staðsetningarbúnaði þess. Skipið birtist síðan aftur að morgni sunnudags um sextíu kílómetra fyrir sunnan Stokkhólm. -gfp

VÖRUGJÖLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ VÖRUGJÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin
lækkað í verði um 17% og sjónvörp, hljómtæki og annað um 20%.

MÍNUS
20%



SAMSUNG

UE32/40/48H5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz.

Full HD 1920x1080p · Mega skerpa · Afspilun USB:
kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari:
Digital DVB-T2

32" **87.920** áður 109.900

40" **111.920** áður 139.900

48" **151.920** áður 189.900

MÍNUS
20%



SAMSUNG

UE48H6675

LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro
Dimming · Gervihnatta móttakari

48" **229.920** áður 287.400

MÍNUS
20%



SAMSUNG

UE32/40/55/65H6475

LED sjónvarp · 400 CMR (rið)

3D · smart TV með þráðlausu neti.

32" **119.920** áður 149.900

40" **151.920** áður 189.900

55" **279.920** áður 349.900

65" **519.920** áður 649.900



Samsung **Curved**

MÍNUS
20%

SAMSUNG

UE46/55/65H8005

LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD

1920x1080p SMART TV · CURVED

48" **399.920** áður 499.900

55" **495.420** áður 619.900

65" **719.920** áður 899.900

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að
afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera
hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON
um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 12-16

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

OECD gerir athugasemdir og bendir á vantkanta:

Flækjustigið er töluvert mikið

Menntamálaráðherrann Illugi Gunnarsson talaði um verknám og tækninám á Alþingi. Við það tilefni sagði hann að OECD hafi gert úttekt á starfsnáminu á Íslandi. „Það er margt áhugavert sem þeir benda á sem við þurfum að hafa í huga þegar við skoðum uppbyggingu námsins, því að uppbyggingin er mjög flókin,“ sagði ráðherrann og sagði flækjustigið vera töluvert mikið. „Athugasemdir OECD eru nokkrar. Eg ætla að grípa niður í nokkrar til þess að skýra hvað það er sem við þurfum að horfa til,“ sagði menntamálaráðherrann.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Fram kom að brottfall er allt of hátt, sérstaklega á starfsnámsbrautunum, og við því þarf að bregðast. OECD sagði að þótt iðnnámskerfið sé sterkt sé það ekki notað utan hefðbundinna iðngreina. Þarna eru vannýtt tækifæri sem OECD bendir okkur á. Þeir benda líka á að

framboð starfsnámsins taki fyrst og fremst mið af óskum nemenda en sinni lítt eða ekki nægjanlega þörfum vinnumarkaðarins. Það þarf líka að skoða,“ sagði ráðherra.

Gáum að því að hér er rekið menntakerfi sem fær allar þessar athugasemdir. Á sama tíma vantar stórkostlega margt fólk með þessa menntun að baki. Mörg dæmi eru um að fyrirtæki verði annað hvort að leita eftir erlendum starfsmönnum eða hreinlega að færa verkefni úr landi. En viti menn, þetta er ekki allt.

„Það er bent á, og þetta held ég að skipti miklu máli, að leiðir til háskólanáms að loknu starfsnámi á framhaldsskólastigi séu stundum óskýrar og erfitt að rata um kerfið. Tengsl á milli starfsnáms að loknu framhalds- og háskólanámi skorti oft svo fyrra nám er ekki metið auk þess sem starfsráðgjöf hafi nokkuð akademíska slagsíðu og skorti stundum alveg. Þetta eru dæmi um athugasemdir sem hafa verið gerðar af utanaðkomandi aðilum við uppbyggingu starfsnáms okkar.“

Það er alveg augljóst, og við sjáum það á tölunum sem birtast okkur í námsvalinu hjá þeim sem eru að ljúka grunnskóla, að það eru allt of fáir og hafa verið allt of fáir, og hafa verið það áratugum saman, sem fara í þetta nám. Við vitum að hlutfallið á að vera hærra. Það er atriði sem gera það að verkum að ungmennin okkar velja sér frekar bóknám,“ sagði ráðherrann.

Gott er að geta þess sem vel er gert. Ráðherrann hefur rætt þetta við forystu atvinnulífsins og vonir standa til að fleiri komi að lausnum, enda er þetta ekki einungis mál ríkisvaldsins eða menntakerfisins. Hagur atvinnulífsins er aldeilis undir líka. „Ef krakkarnir upplifa það að námsleiðirnar séu að lokast hjá þeim, þó að ég viti að það eru möguleikar ef menn setjast yfir þetta, ef upplifunin er sú að þetta sé ekki nógu skýrt hefur það áhrif á námsvalið,“ sagði ráðherra.

„Ég held að ef við ætlum okkur virkilega að ná árangri í þessu verðum við að vera tilbúin til að gera alvöru breytingar á kerfinu, ekki einhverjar smálagfæringar og halda svo áfram að hjakka í sama farinu og við höfum verið í árum ef ekki áratugum saman með allt of fáa sem fara í iðnnámið. Uppbygging námsins þarf að vera betri.“

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óeining hjá VG um Hönnu Birnu

Ein af ályktunum sem voru samþykktar á flokksráðsfundi Vinstri grænna um helgina var um að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segi af sér embætti. Heimildir, úr herbúðum VG, segja að fjarri fari að sátt ríki um niðurstöðuna. Það ku hafa verið yngri flokksmenn sem fluttu tillöguna og fengu samþykkt. Í ályktuninni segir að með öllu sé óviðunandi að viðkvæmum persónuupplýsingum um hælisleitanda hafi verið lekið frá skrifstofu innanríkisráðherra. Þá gagnrýnir VG að ráðherra hafi ekki farið rétt með gagnvart þinginu og að ráðherra hafi haft bein afskipti af rannsókninni í samskiptum sínum við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu.

Bara hagfræðifrasar

Guðmundur P. Ragnarsson, sem er formaður eins af stærstu verkalyðsfélögum landsins, VM, er ekki yfir sig hrifinn af því sem berst úr herbúðum viðsemjenda sinna. „Hagfræðifrasarnir er það eina sem kemur úr filabeinsturni SA enda vilja samtökin ekki missa frá sér miðstýringuna sem þau hafa komið á. Miðstýring SA er að draga úr allri framþróun og aukinni framlegð sem margar atvinnugreinar eiga auðvelt með að bæta.“ Guðmundur segir að eftir margar tilraunir sé fullreynt með kjarasamninga sem byggja á lágum launahækkunum og væntingum um litla verðbólgu. Þær hafa allar farið á sama veg.

Davíð er vinur minn

Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi hæstaréttardómari, var gestur í þættinum Sprengisandur á Bylgjunni í gær, þar kom meðal annars til umræðu vinátta hans og Davíðs Oddssonar, ritstjóra Morgunblaðsins. Jón Steinar sagði Davíð vera góðan vin og gegnheilan. Jón Steinar talaði einnig um forseta lýðveldisins, Ólaf Ragnar Grímsson, en hann er ekki eins hátt skrifaður hjá lögmanninum. Þrátt fyrir að vera ekki aðdáandi forsetans sagðist hann sáttur með þá afstöðu sem Ólafur Ragnar tók í Icesave-málinu. En það var vegna framboðs Ólafs Ragnars sem Jón Steinar lét af formennsku í yfirkjörstjórn í Reykjavík.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you

Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrkerfinu

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

Frelsið orðið að undanþágu

MENNTUN



Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri grænna

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur sent skólameisturum framhaldsskóla bréf um að áhersla verði lögð á að stytta námsbrautir í þrjú ár. Ráðherrann hefur ennfremur látið hafa eftir sér að eitt verði yfir alla að ganga og skólar sem hafa skipulagt nám sitt út frá fjögurra ára námsbrautum fái engar „undanþágu“ enda sé búið að ákveða að framhaldsskólinn verði til þriggja ára.

Þetta gengur þvert á þá stefnu að skólar skuli hafa svigrúm til að móta sér sína sérstöðu en sú stefna var staðfest með lögum árið 2008 í tíð flokksystur Illuga, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Raunar var lögunum beinlínis fylgt úr hlaði með þeim orðum að hér væri dregið úr miðstýringu, skólarnir myndu sjálfir skipuleggja sínar námsbrautir og skilgreina inntak stúdentsprófs og annarra prófa; enginn einingafjöldi var skilgreindur sem inntak stúdentsprófs og fjölbreytni var fagnað.

Ný aðalnámskrá sem kom út 2011 endurspeglar þetta sjálfstæði skóla. Á svipuðum tíma var sett tiltekið einingalágmark en skólum að öðru leyti falið að útfæra námsbrautir sem þeir hafa síðan gert hver af öðrum.

Nú kveður við nýjan tón. Farin er leið

→ Frelsið sem hinn nýi Sjálfstæðisflokkur predikar er frelsi fyrir hina fáu.

miðstýringar og skyndilega talað um undanþágu – þegar markmið laganna var einmitt fjölbreytni og því aldrei um að ræða að skólar fengu undanþágu heldur að þeir hefðu frelsi til að vera mismunandi. Þannig þyrftu nemendur ekki allir að velja sams konar leiðir.

Frelsið sem hinn nýi Sjálfstæðisflokkur predikar er frelsi fyrir hina fáu. Frelsi hinna fáu til að veiða fiskinn í sjónum, selja áfengi í sínum verslunum eða taka yfir rekstur almannaþjónustu og græða á henni en þegar illa gengur snúa aftur til ríkisins. Það frelsi er ekki frelsi einstaklingsins eða frelsi fagfólks til að byggja upp fjölbreytt skólastarf eins og ætlunin var með lögunum. Þegar til kastanna kemur snýst skólafélög flokksins um miðstýringu og valdboð þar sem engin virðing er borin fyrir gæðum menntunar og góðu skólastarfi um allt land. Kannski ekki að undra að hinn nýi Sjálfstæðisflokkur hafi hrapað í fylgi.

Aðgengismál í fyrirrúmi hjá RÚV

Aðgengi heyrnarskertra að fréttum og dagskrárefni í sjónvarpi var nýlega til umfjöllunar í innsendum greinum í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Við færum greinahöfundum þakkar fyrir að efna til umræðu um þetta mikilvæga málefni. Í opnu bréfi í Fréttablaðinu, um aðgengi heyrnarskertra að íslenski menningu og þátttöku í samfélagsumræðu, spur Rannveig Magnúsdóttir hvort RÚV uppfylli lagalegar skyldur sínar við heyrnarskertra. Í grein um textun fréttu og fréttatengds efnis í Morgunblaðinu fullyrðir Daniel G. Björnsson að eftir kosningumfjöllun 2013 hafi dregið verulega úr textun í sjónvarpi.

RÚV



Margrét Magnúsdóttir
skrifstofustjóri



Anna Sigríður Práinsdóttir
málfarsráðunautur

→ Par er líka gott aðgengi að fréttum og fréttavakt allan sólarhringinn.

landsmenn er kallaður til rittúlkur sem og þegar túlka þarf lengri viðtöl og annað efni í beinni útsendingu. Í aðdraganda kosninga er rittúlkur nýttur eftir fongum.

Rittúlka vantar

Sárafaír sinna rittúlkun og aðeins einn túlkur er tiltækur fyrir RÚV. Ein manneskja getur ekki túlkað heila kosninganótt eða í löngum útsendingum vegna náttúruhamfara. Kastljós og aðrir fréttatengdir þættir, sem eru að mestu í beinni útsendingu og ekki lesnir upp eftir handriti, eru ekki textaðir. Til að svo geti orðið þarf fleiri rittúlka. Sem fyrr segir er ekki völ á þeim. Fjárráð Ríkisútvarpsins eru takmörkuð en fæð rittúlka er meiri hindrun í þjónustu RÚV. Nauðsynlegt er að mennta fleiri rittúlka og það er nokkuð sem stjórnvöld þurfa að hlúa að og styðja samhliða laga-setningu í þágu heyrnarskertra þar sem um er að ræða brýnt jafnréttismál. RÚV flytur daglega fréttir á táknmáli sem eru jafnframt aðgengilegar á rúv.is.

Endurbættur vefurinn lítur dagsins ljós á næstu vikum og þar verður meðal annars áhersla á að greina frá efni þátta í öllum miðlum RÚV svo aðgengi heyrnarskertra að útvarpsþáttum eykst. Þar er líka gott aðgengi að fréttum og fréttavakt allan sólarhringinn. Við erum því sammála Rannveigu sem segir að tæknin standi ekki lengur í vegi fyrir aðgengi heyrnarskertra að dagskrá Ríkisútvarpsins.

Því má vera ljóst að Ríkisútvarpið fer að lögum um aðgengi að dagskrárefni. Okkur er mikið í mun að þjónusta RÚV sé öllum aðgengileg og leitum sífellt nýrra og betri leiða til að tryggja það. Nú stendur yfir stefnumótun um aðgengismál og unnið er að nýjum þjónustusamningi við mennta- og menningar- málaráðherra, því þótt þjónustan hafi tekið framförum, þá hefur starfsfólk RÚV metnað til að gera enn betur í náinni framtíð.

Metum tónlistarmenntun að verðleikum

Miðvikudaginn 22. október hafa meðlimir FT fyrirhugað verkfall ef ekki næst að samþykka kjarasamning við Samband íslenskra sveitafélaga. FT er eina félagið innan KÍ sem ekki hefur fengið nýjan kjarasamning þrátt fyrir 10 mánaða bið. Hvað á það þýða?

MENNTUN



Helga Mikalsdóttir
nemandi í Tónlistarskólanum í Reykjavík

→ Það sem þetta fólk gerir á hverjum degi eru svo mikil kraftaverk að því er vart hægt að lýsa með orðum.

Ég hef oft hugsað um hvað það væri gaman að vera tónlistarkennari og fá að taka þátt í framförum nemenda sinna og jafnvel hjálpa til við að búa til einhvern snilling. En þá fer maður að hugsa um launin. Er ég tilbúin að eyða fjölda ára í að mennta mig á hljóðfæri mitt og fá síðan ekki laun sem geta borgað námslánin... ég satt best að segja er ekki viss. Því miður held ég að það séu margir á mínum aldri á svipuðum stað. Ef það á að verða endurnýjun í stétt tónlistarkennara þarf að bæta kjarasamningana til þess að laða fleiri að en fyrst og fremst er kominn tími til að launa núverandi kennurum fyrir þeirra ómetanlega framlag til menntunar, með því að bæta kjör þeirra.

Þetta fólk hefur margt hvert varið miklum fjárumunum og tíma í að mennta sig í skólum víðs vegar um heiminn og komið heim með mikla þekkingu til að miðla til nemenda sinna. Á síðustu sjö árum hef ég hlotið tónlistarmenntun í Skóla-hljómsveit Kópavogis og nú í Tónlistarskóla Reykjavíkur og get ég því vottað að starf þessa fólks er gjörsamlega vanmetið meðal sveitarfélaganna. Það sem þetta fólk gerir á hverjum degi eru svo mikil kraftaverk að því er vart hægt að lýsa með orðum. Ekki nóg með að ég hafi lært að spila á hljóðfæri og lesa nótur heldur hef ég líka lært svo margt varðandi mannleg samskipti og aga.

Fákeppniseftirlitið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Því fylgja ýmsar þversagnir að vera í Sjálfstæðisflokknum. Skattalækkunarflokkur sem hækkar skatta á mat. Einkaframtakssinnar sem hreiðra um sig hjá ríkinu hvar sem glufa sést. Og alkunnir eyðsluseggir fyrirhrunsáranna komnir með áminnandi sparnaðarfingur á loft gagnvart nauðsynlegum sameiginlegum útgjöldum úr sameiginlegum stjórnum til sameiginlegra mála.

Stuðningur við frjálsa fákeppni

Sjálfstæðisflokkurinn passar sína. Hann er fákeppniseftirlitið. Stundum virkar þetta svona á mann: Sjálfstæðismenn aðhyllast samkeppnisrekstur þar sem opinber rekstur á við en styðja fákeppni þar sem frjáls samkeppni ætti að ríkja.

Þeir vilja að einokun og miðstýring sé á matvælamarkaði þar sem ótal framleiðendur ættu með réttu að keppast við að búa eitthvað gómsætt til sem höfðað gæti til neytenda; smáframleiðendur er gert erfitt fyrir með smámunasemi og yfiringilegu reglugerðum og allt gert til að drepa niður framtak og hugvit. Í sjávarútvegi miðast allt við að hámarka arð fárra og sístækkandi stórtúgerða og ekki skirrst við að loka aðgangi að lífsbjörginni fyrir fólk sem um aldir hefur sótt sjóinn vegna góðra náttúrulegra aðstæðna. Þeir seldu Símann svo að nú er enginn sem telur sig bera ábyrgð á því að sómasamlegt netsamband sé um allt land. Og þegar kemur að velferðarmálunum – sem kjósendur eru almennt sammála um að eigi heima í opinberum rekstri – leitar flokkurinn allra leiða til að greiða götu fólks sem lítur á sjúklinga sem auðlind; vill gera umönnun veikra og

aldræða að fepúfu; iðar í skinninu að greiða sér „arðgreiðslur“ af skólahaldi.

Eins og dæmin sanna. Í því ljósi má sjá fyrirætlanir menntamálaráðherra um að meina fólk yfir 25 ára aldri um aðgang að framhaldsskólum landsins, og ætlar jafnvel að leggja niður eina af sögufrægu-ustu og ástsælustu menntastofnunum landsins, Öldungadeildina við MH, í þessu skyni. Handan við hornið bíða þeir, arðgreiðslu-mennirnir, núandi saman lófum af spenningi yfir því að fá nú þessa auðlind afhenta frá sínum mönnum í fákeppniseftirlitinu.

Vissulega eiga einstrengingslegar kreddur um rekstrarform ekki við í þessum málum frekar en öðrum. Við höfum dæmi um framúrskarandi einkaskóla á öllum skólastigum sem sjálfsagt er að starfi við hlið hins opinbera kerfis, bæði í listum og annarri mennt. En dæmin sanna líka hitt: að þeir starfa því betur sem undirstaðan sem fengin er með opinberum rekstri á almennu skólakerfi er betri. Og að drifkrafturinn í góðu skólastarfi er ævinlega hugsjón um þá að skólastarfið snýst um og löngun til að deila þekkingu og vísu, en aldrei peningagróði í sjálfu sér. Hið opinbera skólakerfi myndar grunninn sem allt hitt byggir á, og það má aldrei vera rekið samkvæmt hagnaðarsjónarmiðum eða búðarlokuhugsunarhætti, þó að vissulega þurfi ekki heldur að sóa peningum í óþarfa á borð við steypu, eins og manni sýnist stundum þegar horft er á skólahús hér á landi sem eru því stórfenglegri musteri mennta sem framlöggin til sjálfrar starfseminnar eru nánasærlegri. Sá gamli nemandi í Vogaskóla sem hér skrifar getur vart ekið ógrátandi framhjá sínum gamla barnaskóla sem jafnaður var við jörðu nýlega til að reisa þar eitt-hvert glæsihýsið undir skólastarfið, væntanlega með velþöknum fjármálayfirvalda, sem þykir öllum þeim peningum til menntamála vel varið sem renna í vasa verktaka.

Peir seldu Símann svo að nú er enginn sem telur sig bera ábyrgð á því að sómasamlegt netsamband sé um allt land.

Öldungadeildin

Meðal þess sem hefur verið ánægjulegt einkenni á íslensku samfélagi fram til þessa er viss félagslegur hreyfanleiki, sveigjanleiki; möguleiki á því að söðla um í lífinu og gera eitthvað alveg nýtt. Fólk hefur getað stundað nám með vinnu sinni og hægt og rólega aflað sér réttinda á nýjum vettvangi.

Margt fólk sem nú er komið yfir miðjan aldur hefur ánægjulega sögu að segja um veru sína við Öldungadeild MH, þar sem námið er sniðið að þörfum vinnandi fólks og fjölskyldufólks. Stundum eru þetta konur sem áttu börn snemma og hættu í námi til að sinna uppeldi þeirra og uppbyggingu heimilisins en þarna hafa líka verið karlmenn sem hættu af alls konar ástæðum eða snemma í skóla til þess að fara að vinna eða elta uppi einhverja drauma – eða lentu í einhverju. Öldungadeildin hefur staðið fólk til boða sem raunverulegur valkostur og þar hefur í tímans rás safnast dýrmæt reynsla og þekking í full-orðinsfræðslu; deildin hefur haft orð á sér fyrir að vera aðgengileg án þess að slegið sé af þeim kröfum sem þarf að uppfylla til að ná stúdentsprófi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslegt gildi þessarar starfseminnar.

Öllu er afmörkuð stund og hugsanlegt er að sá tími sem Öldungadeildinni var mældur sé nú á enda runninn – hún tilheyrir annars konar samfélagi. Þar kemur ýmislegt til álit; en þó ekki það sjónarmið að menntun og fræðsla eigi að fara fram á forsendum hagnaðarvonar og arðgreiðsluvæntinga. Þá er voðinn vís. Eins og dæmin sanna.

Vélar á verði sem gleður

- fyrir fagfólk í léttum iðnaði og minni verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beygjuvélar, röravalsar, legupressur, fjölklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Rennibekkur
300-550 mm
65.958 kr.

Bandsög
67.522 kr.

Fjölbeygjuvél
50.110 kr.

Verkfæratasta
m/86 stk
36.315 kr.

Járnkúttari
130 mm rör
88.101 kr.

Bandsög
125 mm
75.000 kr.

Sandblásturskassi
25.000 kr.

Sýningarvélar á staðnum og rekstrarvörur að auki

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDN VÉLAR

IDN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

- 1728** Stór hluti bókasafns Árna Magnússonar verður eldi að bráð í stórbruna í Kaupmannahöfn.
- 1818** Bandaríkin og Bretland samþykkja sameiginlega stjórn yfir Oregon-fylki.
- 1822** London Sunday Times er gefið út í fyrsta sinn.
- 1905** Landsdómur er stofnaður til þess að dæma í málum gegn ráðherrum.
- 1965** Bítlarnir fá gullplötu fyrir lagið Yesterday.
- 1977** Þrír meðlimir hljómsveitarinnar Lynyrd Skynyrd farast í flugslysi.



1989 Borgarleikhúsið í Reykjavík er vígt, en það hafði verið þrettán ár í byggingu.

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Reynsla – Umhyggja – Traust

Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson útfararstjóri

Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta
Þorsteinn Elísson útfararþjónusta

Frimann Andrésson útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta
Jón G. Bjarnason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
önnunni við alla þessi þjónustunnar
Með virðingu og umhyggju að leiðarjösi

Vid þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Póssvogi - Sími: 551 1266 - www.utfar.is

PETTA GERÐIST 20.OKTÓBER 1968

Jackie Kennedy verður Onassis

Pann 20. október 1968 gekk fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, Jacqueline Kennedy, að eiga gríska skipakónginn Aristotle Onassis. Athöfnin fór fram á rísku eyjunni Skorpios. Þótti það skynsamlegt af Kennedy að giftast Onassis þar sem hann var vellauðugur og hafði nógu mikil völd til þess að vernda hana. Onassis yfirgaf söngkonuna Mariu Callas til þess að kvænast Kennedy, og ollu sambandsslitin Callas ævarandi ástarsorg. Umfjöllun fjölmiðla um hjónabandið var fyrst um sinn fjandsamleg, en þetta nýja hjónaband syrgjandi forsetaekkjunnar þótti saurga ímynd hennar. Margir litu

þó á hjónabandið sem jákvætt ták fyrir hina amerísku nútímakonu sem hikaði hvergi við að gæta sinna fjárhagslegu hagsmuna og standa vörð um fjölskyldu sína í leiðinni. Fyrst um sinn virtist hjónabandið vera hið hamingjusamasta og þau blómstruðu. En fljótt kom hið sanna kom í ljós. Hjónin eyddu sífellt minni tíma saman og þótt Onassis leggði sig allan fram um að vera stjúpbörnunum góð föðurmynd, var samband Jackie við stjúpdóttur sína, Christinu Onassis, ekki gott enda var hún flesta daga upptekin við ferðalög og verslunarferðir. Þegar ævidagar Onassis voru taldir, var Jackie



með börnum sínum í New York. Arfur hennar takmarkaðist við kaupmála, en samkvæmt grískum erfðalögum var útlendingum bannað að erfa nema hluta af eignum Grikkja. Jackie gekkst við tilboði frá Christinu sem bauð henni 26 milljónir Bandaríkjadalra í arf og afsalaði sér öllum kröfum til eigna Onassis.



FOR- MÆÐURINN ÁSAMT STYRKPEGUM
Gunnhildur Óskarsdóttir formaður Göngum saman og styrkþegar 2014, f.v. Ólafur Andri Stefánsson, Borgþór Pétursson, Anna Marzellúsardóttir, Guðrún Valdimarsdóttir fyrir hönd Helgu Þráinsdóttur, Jón Þór Bergþórsson og Þorkell Guðjónsson.

Styrkja rannsóknir á brjóstakrabbameini

Samtökin Göngum saman afhentu í áttunda sinn styrkveitingu til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini. Formaður félagsins segir þessar rannsóknir gríðarlega mikilvægar fyrir áframhaldandi rannsóknir hér heima.

Fimmtudaginn 16. október afhenti styrktarfélagið Göngum saman styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini. Styrkurinn hljóðaði alls upp á 10,3 milljónir króna og skiptist hann á milli sex aðila. Styrkirnir eru afhentir íslenskum vísindamönnum sem stunda grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. „Þetta er í áttunda sinn sem við afhendum styrki sem þessa á þeim sjö árum sem félagið hefur starfað. Með þessum styrk núna höfum við samtals veitt 50 milljónir í styrki til íslenskra vísindamanna sem flestir eru í meistara- eða doktorsnámi við Háskóla Íslands,“ segir Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman. Hún segir styrkveitingu sem þessa gríðarlega mikilvægan þátt fyrir rannsóknir á brjóstakrabbameini, bæði hér heima og fyrir alþjóðasamfélagið. „Það hefur svo gríðarlega mikið gildi að við getum lagt okkar af mörkum á vogarskálarnar til þess að komast að meiru um þennan algenga sjúkdóm,“ segir hún. Samtökin byggja starf sitt

alfarið á þátttöku almennings og frjáls- um framlögum einstaklinga, en einnig hafa ýmis félagsamtök og fyrirtæki lagt samtökunum lið. „Styrkveitingin í ár kemur að mestu leyti frá einstaklingum sem hafa lagt hafa sitt af mörkum til dæmis í tengslum við árlega styrktargöngu félagsins á mæðradaginn, með söfnun í Reykjavíkurmaraþoninu og kaupum á söluvarningi félagsins. Það skiptir svo miklu máli að fólk geti lagt sitt af mörkum á fjölbreyttan hátt og séð að hver króna skila sér beint til félagsins,“ segir hún. Stærsta fjárfloflunin í ár var ganga sem haldin var til minningar um Kristbjörgu Marteinsdóttur, sem gegndi embætti formanns fjárfloflunarnefndar félagsins þegar hún lést árið 2009. „Fjölskylda hennar afhenti félaginu 2,5 milljónir í styrktarsjóðinn, sem er afrakstur minningargöngunnar sem var haldin á Siglufirði þann 30. ágúst síðastliðinn og gengið í gegnum Héðinsfjarðargöngin,“ segir hún. adda@frettabladid.is

→ Pau fengu styrki

- **Anna Marzellúsardóttir:** Leit að áhrifabreytingum í erfðefni fjölskyldna með háa tíðni brjóstakrabbameins. 1,8 milljónir króna.
- **Borgþór Pétursson:** Áhrif sviperfða á lyfjanæmi í brjóst- og eggjastokkrabbameinum. 2 milljónir króna
- **Helga Þráinsdóttir:** Samspil TGFbeta og Thrombospondin-1 í æðapeli og brjóstakrabbameini. 1,5 milljónir króna
- **Jón Þór Bergþórsson:** Vefjastofnfrumur og krabbameinsfrumur í brjóstkiðli: eiginleikar þeirra og lyfjanæmi. 1 milljón króna
- **Ólafur Andri Stefánsson:** Vægi sviperfða sem forspárþættir í brjóstakrabbameinum. 1,5 milljónir króna
- **Þorkell Guðjónsson:** Áhrif USPL1 á eðlilega virkni BRCA1 og hugsanlegt hlutverk í þróun brjóstakrabbameins. 2,5 milljónir króna

Ástkær eiginkona mín, systir okkar, mágkona og trússystir,

IIRIS GEELNARD trúboði,

lést þann 10. október sl. á Kvennadeild Landspítalans við Hringbraut. Útför fer fram í kyrrþey en minningarathöfn verður haldin í ríkissal Votta Jehóva að Hraunbæ 113 í Reykjavík þann 22. október kl. 14.00.

Kjell H. Geelnard
Roope og Lill Engström
Rolf N. Nordström
Gulli Geelnard
Eylon og Harriet Nilzen
Hans og Birgit Eilkvist
og öll trússystkini.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN MAGNÚSDÓTTIR STRANDBERG
frá Hellum, Landsveit, áður til heimilis að Melgerði 32, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 10. október sl. Útför Guðrúnar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 24. október nk. og hefst kl. 13.00.

Auður F. Strandberg
Magnús F. Strandberg
Birgir F. Strandberg
Sveinbjörn F. Strandberg
Agnar F. Strandberg
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Bragadóttir
Kristín Jónsdóttir
Brynja Stefnsdóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÍSKAFFIMOLAR

Ískaffi er svalandi og gott en gallinn við það er að eftir smá stund bráðna klakarnir og kaffið þynnist út. Það má sporna við þessu með því að frysta kaffi í klakaboxi og nota út í ískaffið.

TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.

TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

ALLT SEM ÞARF TIL ÆFINGA Í EINNI VÖRU

SÖLUAFLL KYNNIR Super Charge Extreme 4.0 inniheldur öll virk efni sem þarf fyrir æfingar meðan á þeim stendur og endurhleður líkamann á milli æfinga.

Super Charge Extreme 4.0 fæðubótarefnið er allt sem þarf til æfinga í einni vöru. Fæðubótarefnið er háþrúð vara frá Labrada Inc. að sögn Davíðs Más Sigurðssonar hjá Söluafli sem flytur efnið inn en Labrada Inc. hefur starfað við framleiðslu og þróun fæðubótarefna í hátt í tuttugu ár.

„Fyrirtækið starfar undir slagorðinu „The Most Trusted Name in Sports Nutrition“ og stendur fyllilega undir því enda margverðlaunað fyrir bragð, gæði og virkni. Super Charge Extreme 4.0 inniheldur tíu virk efni sem vinna með þér fyrir æfingu, meðan á henni stendur og endurhleður svo líkamann á milli æfinga. Super Charge Extreme keyrir því upp orku og einbeitingu auk þess að auka styrk og úthald. Efnið margfaldir auk þess brennsluna meðan á æfingum stendur.“

Gunnar Sigurðsson, IFBB Classic Bodybuilding, hefur góða reynslu af Super Charge Extreme 4.0. „Þar sem ég æfi mjög mikið þarf ég að taka fæðubótarefni mér til stuðnings og hvatningar. Það besta við Super Charge Extreme er að efnið keyrir mig upp andlega og ég er mun betur stemmdur alla æfinguna. Þegar ég tek Super Charge Extreme er æfingin mun skemmtilegri, ég lyfti meiri þyngdum og oftast auk þess að finna aukinn kraft og betra úthald. Áður þurfti ég að taka glútamín, beta alanine,



kreatín, aminosýrur, preworkout og diarganine allt í sitt hvorum skammtinum og var með endalausar dósir úti um allt. Í dag fæ ég þetta allt og meira til í einum skammti af Super Charge Extreme. Þvílíkur munur og hagræðing. Það hefur aldrei verið skemmtilegra að æfa og ég hef aldrei verið í jafn góðu formi og núna. Því mæli ég eindregið með því að lesendur prófi Super Charge Extreme ef þeir vilja ná hámarksárangri og hafa um leið gaman af æfingunum.“

Varan er til sölu í öllum verslunum Hagkaupa og Iceland. Frekari upplýsingar eru inn á www.leanbody.is.



BRAGÐ-GOTT Super Charge Extreme 4.0 fæst í þremur bragðtegundum.

GÓÐUR ÁRANGUR

„Það hefur aldrei verið skemmtilegra að æfa og ég hef aldrei verið í jafn góðu formi og núna,“ segir Gunnar Sigurðsson.

MYND/ERNIR

SUPER CHARGE EXTREME 4.0 INNIHELDUR:

Orkublandan


- Di-arganine
- Taurine
- Arganine alpha
- L-Citrulline
- L-Tyrosine
- Koffín

Styrkur, einbeiting og úthald

- Kre-Alaklyn(kreatín)
- Betapure

Endurhleðsla

- Beta Alanine
- Glutamine



Valhöll er komin aftur!

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Verðdæmi:

Með PU leðurbotni og eikarfötum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

GRAM

HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX



20% afsláttur



FÖNIX Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is



HAUSTVERKIN Steinar Björgvinsson skógræðingur tók saman helstu garðverkin fyrir veturinn.

MYND/STEFÁN

HAUSTVERKIN Í GARÐINUM

HEIMILIÐ OG GARÐURINN Steinar Björgvinsson, skógræðingur og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, segir haustið góðan tíma til garðyrkju. Hann fer hér yfir helstu verk fyrir veturinn.

GÓÐUR TÍMI TIL GRÓÐURSETNINGAR

Það vill loða við að fólk noti einungis vorin til að planta. Nú er hins vegar ágætis tími til að gróðursetja og flytja plöntur og eins ef þarf að skipta upp fjölærum blómum. Það er enn raki í jörðu, plönturnar búnar í vexti og verður því minna um raskið.

SKÝLA ÞARF NÝGRÓÐURSETTU

Hafi maður gróðursett eitthvað sígrænt í ár svo sem greni, furu, lyngrós eða sýprus, á undantekningarlaust að skýla því fyrsta veturinn. Þetta þarf að gera áður en jörð frýs svo hægt sé að koma niður spýtum og strengja svo striga eða plast í kring.

EKKI SLÁ OF SNÖGGT

Það borgar sig ekki að slá grasblettinn of snöggan fyrir veturinn. Hafa hann frekar loðinn svo hann hylji svörðinn, annars myndast mosi. Mosinn heldur nefnilega áfram að ljóstillífa yfir veturinn meðan grasið leggst í dvala.

LAUFID Í BLÓMABEÐIN

Þar sem mikið er af trjágróðri og runnum fellur mikið af laufi. Raka þarf laufið af grasblettinum, annars kafnar grasið og flötin verður blettótt. Raka á laufið út í beðin eða setja í safnhaug þar sem það er fljótt að brotna niður og í raun besti lífræni áburðurinn.

SAFNA FRÆJUM OG HREINSA

Nú er tíminn til að safna fræjum svo sem reyniberjum, birkifræjum, greni- og furukönglum. Svo er þeim ýmist sáð að hausti eða vori en það er misjafnt eftir tegundum.

EKKI KLIPPA

Ég ræð frá því að klippa runna og tré á haustin. Best er að klippa seinni part vetrar eða á sumrin.

STYÐJA HÁ TRÉ

Ef gróðursett hafa verið tré á þessu ári sem eru einn og hálfur metri eða hærri verður að styðja þau í vetur með staurum. Annars slást þau til í vetrarveðrum, ná ekki að festa rætur og skekkjast.

HAUSTLAUKANA NIÐUR

Nú er líka tíminn til að setja niður haustlaukana. Þeir blómstra á vorin þrátt fyrir nafnið; páskalliljur, túlpanar, vetrargosar, krókusar og fleira.

MOLTA ÁFRAM YFIR VETURINN

Niðurbrotið í safnhaugnum er mest yfir sumarið þegar hlýjast er en það má setja út í safnhauginn allan veturinn. Þeir flinkustu við safnhaugagerð geta haldið hita í haugnum yfir veturinn. Galdurinn er að blanda í hauginn í lögum svo lofti um. Til dæmis hafa greinar, lauf, hey, matarafanga og hrossatað til skiptis.

malis.is



INNANHÚSSMÁLNING
GRUNN- LOFTA- OG VEGGMÁLNING GLJÁSTIG 3-12-20%
VERÐ FRÁ KR. 485.- LTR.

TEKNOS **WOODEX** **malis** **MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS** - vörn til frambúðar
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

ZIKZAK
T Í S K U H Ú S

Nýjar vörur vikulega!
Stærðir 36-56



Fylgstu með á Facebook 1. hæð Kringlunnar Símt: 551-1314

SÍÐASTA SUMARSMAKKIÐ

Áður en veturinn nær á okkur fullum tókum er kjörið að skella í síðasta sumarréttinn. Brakandi ferska brúskettu með ricotta og basilíku.

BRÚSKETTA MEÐ RICOTTA

1 dós af kirsuberjatómötum skornir salt og pipar
¼ tsk. sykur
7 msk. ólfluoía
1 msk. rauðvinsedik
1 hleifur af góðu brauði skorinn í sneiðar
1 hvítlauksgeiri, flýsjaður og skorinn í tvennt
1 ½ bolli ricotta-ostur
3 msk. fersk basilíka.

Blandið tómatum, salti og sykri í skál og látið standa í 30 mínútur. Setjið tómatana í sigti og látið leka af. Hellið þeim í skál með ólfluoíunni, rauðvinsedik og pipar og blandið saman.

Raðið brauðsneiðunum á grind og bregðið undir grillið í ofninum þar til þær fá gullinn lit á báðar hliðar. Takið út og berið ólfluoíu á báðar hliðar og nuddið með hvítlauksgeiranum. Saltið.

Maukið ricotta-ostinn í matvinnsluvél ásamt ½ tsk. af salti og ½ tsk. af pipar þar til hann verður mjúkur. Hægið þá á vélinni og hellið rólega þremur msk. af ólfluoíu saman við.

Smyrjið ricotta-ostinum á brauðið og skóflíð tómatblöndunni ofan á. Sáldrið saxaðri basilíku yfir.

www.coocscountry.com



LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Lögilltur
fasteignasali
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson
Lögilltur
fasteignasali
Sími 896 2312

Sveinn Eyland
Lögilltur
fasteignasali
Sími 690 0820

Íris Hall
Lögilltur
fasteignasali

Pórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931

Eggert Mariuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472

Guðrún Dilljá Lúdvíksdóttir
skjalagerð

Benedikt Ólafsson
sölufulltrúi
Sími 661 7788

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

Blikanes - frábær staðsetning.

Nýkomið í einkasölu 303 fm skemmtilega hannað einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Húsið er staðsett sunnanmegin við götuna og skartar fallegu sjávarútsýni til sjávar. Stórar stofur. Möguleiki á 5 svefnherbergjum. Fallegur og vel skipulagður garður.



Verð 99 millj.

Uppl. veitir Bárður H. Tryggvason í s: 896-5221.

Hraunbæ 174 - Vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð

Opið hús í Hraunbæ 174 3.h.t.v. þriðjud. 21. okt frá kl. 17:30-18:00.

Mjög vel skipulögð og björt 4ra herbergja endaíbúð á besta stað í Hraunbæ nálægt Elliðaárdal og Árbæjarlaug. Fallegt baðherbergi frá ca 2004. Endurnýjuð sameign.



V.24,9 M.

Uppl. Þórunn Pálsd. s: 773-6000 og thorunn@valholl.is



Falleg íbúð í Safamýri

Fasteignamarkaðurinn ehf., s. 570-4500, kynnir mjög fallega, vel skipulagða og endurnýjaða 4ra herbergja íbúð með bílskúr. Opið hús í Safamýri 48, 3. hæð, þriðjudaginn 21. október á milli kl. 17.15 og 17.45.

Íbúðin er á þriðju hæð, 100,4 fm ásamt bílskúr sem er 21,1 fm. Gengið er inn í hol með góðum fataskápum, eikarparket á gólfi. Eldhúsinnréttingar eru nýlegar úr eik auk nýlegra eldhústækja. Innihurðir eru nýlegar og gólfefni sömuleiðis að mestu leyti. Þvottaherbergi er inn af eldhúsi með hillum. Flísar á gólfi. Hjónaherbergi er stórt, parketlagt og með fataskápum. Úr hjónaherbergi er útgengt á yfirbyggðar flísalagðar svalir til vesturs. Tvö parketlögð barnaherbergi.

Stofan er rúmgóð með borðstofu, eikarparket á gólfi og útgengt á flísalagðar og yfirbyggðar svalir



Íbúðin er björt og töluvert endurnýjuð.

til vesturs. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með innréttingu, upphengdu salerni og baðkari m/ sturtuadstöðu.

Bílskúrin er með bílskúrshurðarnara en óþússaður að innan.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500.

Eignin getur verið laus til afhendingar nú þegar.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Akurholt 17 - 270 Mosfellsbær



Tvílyft 300 m² einbýlishús með möguleika á aukaíbúð í kjallara við Akurholt 17 í Mosfellsbæ. Á efri hæðinni er forstofa, hol, stórar stofur, tvö herbergi, fataherbergi (snyrting) og baðherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, þvottahús, tvö til þrjú herbergi, eldhús, annað þvottahús, og geymsla. Lóðin er mjög fallegt og með miklum trjágróðri, verönd, sundlaug o.fl. V. 59,9 m.

Ánanaust 15 -101 Reykjavík



Glæsileg 93 m², 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi við Ánanaust 15 í Reykjavík. Glæsilegt útsýni til Snæfellsness, út á sjó og til Esjunnar. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla er á hæðinni. V. 34,9 m.

Hátún 4 - Gæsilegt útsýni



Mikið endurnýjuð, mjög falleg 117,6 m², 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi við Hátún 4 í Reykjavík. Glæsilegt útsýni. Tvennar stórar svalir. Aðeins tvær íbúðir eru á hæðinni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, geymslu, hol, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla er á jarðhæð. V. 39,9 m.

Vallhólmi 2 - 200 Kóp.

Nýtt á skrá

Laus strax



267,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum og innbyggðum bílskúr við Vallhólma 2 í Kópavogi. Samkvæmt skráningu er eignin 267,7 m² þar af bílskúr 31,8 m². V. 53,9 m.

Kvíslartunga 96 - 270 Mos.



Mjög fallegt 217,4 m² parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu 96 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, forstofu, þvottahús, geymslu, sjónvarpsbol, eldhús, stofu og bílskúr. Eignin er skráð 217,4 m², þar af parhús 190 m² og bílskúr 27,4 m². V. 48,7 m.

Dalatangi 1 - 270 Mos.



Fallegt og vel skipulagt 213,8 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Dalatanga 1 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvær rúmgóðar stofur, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús og bílskúr. Steypt bílplan með snjóbræðslu og gróinn garður með tímberverönd í suðvestur. V. 48,9 m.

Hlíðarhvamur 3 - 200 Kópavogur

Nýtt á skrá

Laus strax



Falleg 72,5 m², 3ja herbergja nýlega standsett íbúð í lítið niðurgrofnum kjallara í tvíbýlishúsi við Hlíðarhvamur 3 í Kópavogi. Stór sérgarður. Séríngangur. V. 24,5 m.



Urðarholt 4 - 270 Mosfellsbær

Nýtt á skrá

Laus strax



Vorum að fá í sölu þrjár ósambýktar, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Urðarholt 4 í Mosfellsbæ. Um er að ræða atvinnuhúsnæði sem innréttað hefur verið sem 2ja herbergja íbúðir.

Íbúð 02-02. 48,2 m². V. 13,9 m.

Íbúð 02-03 59,2 m². V. 14,9 m.

Íbúð 02-04 30,0 m². V. 10,9 m.

Stakkahraun 1 - 220 Hafnarfjörður

Nýtt á skrá



1830,1 m² atvinnuhúsnæði (allt húsið) við Stakkahraun 1 í Hafnarfirði. Húsið er að stærstum hluta í útleigu í dag. Góðar leigutekjur. Stórt malbikað bílplan. Góðar innkeysludyr. V. 175,0 m.

Skútahraun 2 -220 Hafnarfjörður

Nýtt á skrá



1618,3 m² atvinnuhúsnæði við Skútahraun 2 í Hafnarfirði. Vinnusalur með mikilli lofthæð og fjórum stórum innkeyrsluhurðum. Innafl salnum er mót-taka og fl. Yfir þessu rými eru skrifstofur og starfsmannaaðstaða. V. 165,0 m.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá.

Skoðum og metum samdægurs.

Sanngjörn sölubóknun.

**Strikið – Jónshús,
Sjálandi Garðabæ**

3ja herbergja íbúð óskast

3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu óskast við Strikið fyrir traustan kaupanda.

Selvogsgrunn. 3ja herbergja íbúð



Mjög snyrtileg og rúmgóð 93,5 fm. íbúð á 1. hæð í fallegu fimm íbúða steinhúsi. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. stór hluti af gleri, baðherbergi og gólfefni. Góðar svalir til vesturs. Húsið var allt sprunguviðgert og málað að utan árið 2010. Sér merkt bílastæði fylgir með íbúðinni. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð 32,9 millj.

Kirkjulundur – Garðabæ. 2ja herbergja íbúð



85,6 fm. íbúð á 1.hæð með afgirtri verönd til norðausturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ. 6,6 fm. geymsla merkt 0004 í kjallara fylgir eigninni. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni og lyfta er í húsinu. Íbúðin skilast fullbúin með gólfefnum (eikarparket) og búið að flisleggja baðherbergi, þvottaherbergi og gestabaðherbergi þar sem þau eru. Staðsetning eignarinnar er afar góð í miðbæ Garðabæjar og stutt er í alla þjónustu, s.s. heilsugæslu, verslanir, banka, sundlaug og fleira.

Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf.

Verð 33,4 millj.

NÝBYGGING



LUNDUR 2 - 6 - KÓPAVOGI

Nýjar og vandaðar 2ja til 6 herbergja íbúðir frá 100,7 fm. upp í 179,9 fm. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, nema flisar verða á baðherbergi og í þvottahúsi. Í eldhúsi verður eikarinnrétting frá Brúnás. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

2JA HERBERGJA



ÁRSKÓGAR – ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ

- 76,1 fm. íbúð á efstu hæð fyrir eldri borgara.
- Húsvörður er í húsinu og félagsaðstaða með samkomusal.
- Svalir til austurs, yfirbyggjanlegar.
- Frábært útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar.

29,9 millj.

Efstaleiti „Breiðablik“ – 4ra herbergja á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. glæsileg útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi „Breiðablik“ miðsvæðis í Reykjavík. Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bílastæði í bílageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

Verð 55,0 millj.

2JA HERBERGJA



SKÓGARSEL - REYKJAVÍK.

